

Fundur haldinn í Framkvæmdaráði AlmannaVARNA Árnessýslu (A.Á.) þann 14. maí 2021 kl. 15:00 í fundarsal Brunavarna Árnessýslu.

Mættir eru: Ásta Stefánsdóttir (ÁS), formaður, Sólveig Þorvaldsdóttir (SP), varaformaður, Aldís Hafsteinsdóttir, ritari og Pétur Pétursson, framkvæmdastjóri AlmannaVARNA Árnessýslu. Einnig sat fundinn í fjarfundi Kjartan Þorkelsson, lögreglustjóri Suðurlands

Fundargerð ritaði Aldís Hafsteinsdóttir.

Hér var gengið til dagskrár.

1. Ársreikningur ársins 2020.

Ársreikningur AlmannaVARNA Árnessýslu 2020 lagður fram. Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 0,8 m.kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé AlmannaVARNA nam 4,2 m.kr. í árslok 2020 samkvæmt efnahagsreikningi. Rekstrargjöld felast helst í framlagi AÁ til sameiginlegs starfsmanns sveitarfélaga og lögreglu er sinnir málefnum er varða almannaVARNA í héraði. Næst stærsti útgjaldaliðurinn er greiðsla AlmannaVARNA til Brunavarna Árnessýslu vegna aðstöðu og þjónustu við málaflokkinn. Tekjur felast eingöngu í framlögum frá aðildarsveitarfélögum er nema nú kr. 376,- pr. íbúa. Framlag pr. íbúa til samstarfsverkefnis með lögreglustjóra nemur nú kr. 250,- pr. íbúa. Framkvæmdaráð samþykkti ársreikninginn og undirritaði hann.

2. Efling velferðarþjónustunnar v. almannaVARNAástands.

Framkvæmdaráð leggur til við Héraðsnefnd Árnessýslu að veitt verði úr sjóðum AlmannaVARNAnefndar Árnessýslu allt að 1,5 milljónir krónum í verkefni til að efla þekkingu, verkferla og færni starfsmanna velferðarþjónustunnar í Árnessýslu vegna almannaVARNAástands og annara aðstæðna sem raska daglegu lífi skjólstaðinga velferðarþjónustunnar þannig að hefðbundnir verkferlar starfsmanna duga ekki til eða hætta skapast á að þjónusturof verði hjá velferðarþjónustu sveitarfélaga í Árnessýslu.

Framkvæmdaráð leggur til að Sólveigu Þorvaldsdóttur verði falið að vinna að nánari greinargerð með Ragnheiði Hergeirsdóttur sem lögð verði fyrir fund Héraðsnefndar Árnessýslu í maí 2021.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:15.

Ásta Stefánsdóttir

Sólveig Þorvaldsdóttir

Aldís Hafsteinsdóttir

Kjartan Þorkelsson

Pétur Pétursson